



ÚTHLUTUN TIL NÝRRA VERKEFNA ÚR RANNSÓKNARNÁMSSJÓÐI 2010

Stjórn Rannsóknarnámssjóðs hefur lokið við úthlutun til nýrra verkefna fyrir árið 2010. Að þessu sinni var um 95 milljónum króna úthlutað til 26 verkefna. Í boði voru styrkir til bæði meistara- og doktorsverkefna.

Heildarfjöldi umsókna

Umsóknarfrestur rann út í mars og bárust 114 umsóknir um almennan styrk úr sjóðnum og ein umsókn um FS-styrk. Alls voru 26 verkefni styrkt eða 22,8 % umsókna. Sótt var um tæplega 710 milljónir króna en um 95 milljónum króna veitt eða 13,5 % umbeðinnar upphæðar.

Doktorsverkefni

Alls bárust 85 umsóknir um styrk vegna doktorsverkefna (73,9% af heildarfjölda). Sótt var um rúmlega 710 milljónir króna og því var meðalupphæð umsókna af þessu tagi um 8,3 milljónir króna. Veittir voru 15 styrkir til doktorsverkefna eða 17,9% umsókna. Meðalupphæð styrkja til doktorsverkefna er því um 5,7 milljónir króna (eða um 21 mannmánuður). Samanlögð upphæð styrkja til doktorsverkefna er nú rúmlega 86 milljónir króna eða 13,5% umbeðinnar upphæðar.

Meistaraverkefni

Alls bárust 30 umsóknir um styrk vegna meistaraverkefna (26,1% af heildarfjölda). Sótt var um ríflega 66 milljónir króna og því var meðalupphæð umsókna af þessu tagi um 2,2 milljónir króna. Veittir voru 11 styrkir til meistaraverkefna eða 36,7% umsókna. Hver styrkur er að fjárhæð 840 þúsund krónur (eða fjórir mannmánuðir) og því er samanlögð upphæð meistaraverkefnisstyrkja 9.240 þúsund krónur eða 13,8% umbeðinnar upphæðar.

Fagsvið styrktra verkefna

Af styrktum verkefnum koma sex (23%) af sviði verkfræði, tækni og raunvísinda, sex (23%) af sviði náttúru- og umhverfisvísinda, átta verkefnanna (31%) tengjast heilbrigðis- og lífvísindum og loks eru sex (23%) af sviði félags- og hugvísinda.

Kynjaskipting meðal umsækjenda og styrkþega

Af 115 umsækjendum voru 76 konur (67,1%) og 38 karlar (32,9%). Af 30 umsækjendum um styrki til meistaraverkefna voru 20 konur (66,7%) en 10 karlar (33,3%) en af 85 umsækjendum um styrki til doktorsverkefna voru 57 konur (67,1%) en 28 karlar (32,9%). Að þessu sinni renna 10 styrkir til karla en 16 til kvenna eða alls 26. Þar af koma 5 styrkir til meistaraverkefnis í hlut karla (45,5 %) og 6 styrkir af því tagi renna til kvenna (54,5 %). Aftur á móti hljóta konur að þessu sinni 10 styrki til doktorsnáms (66,7%) en karlar 5 styrki (33,3%).

Aðsetur umsækjenda og styrkþega

Um 75% umsókna kom frá nemendum við Háskóla Íslands; þar af voru 69 umsóknir um styrk vegna doktorsnáms (81,2%) og 17 umsóknir um styrk vegna meistaranáms (56,7%). Umsóknir frá erlendum háskólum voru 13 talsins (11,3%). Um 10% umsókna kom frá Háskóla Íslands í samstarfi við rannsóknarstofnanir eða erlenda háskóla og um það bil 8% umsókna kom frá Háskólanum í Reykjavík. Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum sendu hver um sig inn eina umsókn (3,3%). Af þeim 26 styrkjum sem veittir eru að þessu sinni koma 19 í hlut nemenda við Háskóla Íslands (73,1%), tveir styrkir eru veittir nemendum sem stunda nám við Háskóla Íslands í samstarfi við rannsóknastofnanir eða erlenda háskóla (7,6%). Tveir styrkir eru veittir nemendum sem stunda nám við erlenda háskóla (7,7%) og 3 styrkir renna til nemenda við Háskólann í Reykjavík (11,5%).

Hér að neðan birtist yfirlit yfir úthlutunina.

Doktorsverkefni

<i>Styrkþegi</i>	<i>Verkefni</i>	<i>Fræðasvið</i>	<i>Upphæð (í þús. kr.)</i>	<i>Stofnun</i>	<i>Aðalleiðbeinandi</i>	<i>Meðleiðbeinandi</i>
Birna Baldursdóttir	Áhrif hreyfingar á geðheilsu og lífsgæði framhaldsskólanema	Lýðheilsufræði	7.950	Norræni lýðheilsuháskólinn	Inga Dóra Sigfúsdóttir	Heiðdís B. Valdimarsdóttir
Guðmundur Ævar Oddsson	Stéttahugmyndir Íslendinga í kjölfar efnahagshruns	Félagsfræði	4.505	University of Missouri	John F. Galliher	Þóroddur Bjarnason
Jón Ingi Sveinbjörnsson	Reiknirit og hugbúnaður fyrir flókna erfðabreytileika	Lífupplýsingafræði	6.095	Háskólinn í Reykjavík	Bjarni V. Halldórsson	Daníel F. Guðbjartsson
Jón Þór Pétursson	"Bíorexía." Lífræn matvæli og siðferðileg neysla í kapítalísku samfélagi	Þjóðfræði	7.950	Háskóli Íslands	Valdimar Tr. Hafstein	
Linda Bára Lýðsdóttir	Geðheilsa kvenna á meðgöngu og eftir barnsburð	Geðlæknisfræði	7.950	Háskóli Íslands	Louise M. Howard	Jón Friðrik Sigurðsson
Lísa Anne Libungan	Stofnerfðafræði og vinnslueiginleikar síldar	Stofnerfðafræði	7.950	Háskóli Íslands	Snæbjörn Pálsson	Sigríður Hjörleifsdóttir
María Dóra Björnsdóttir	Mat á áhrifum náms- og starfsráðgjafar fyrir framhaldsskólanema	Náms- og starfsráðgjöf	4.770	Háskóli Íslands	Sif Einarsdóttir	Guðbjörg Vilhjálmisdóttir
Pamela J. Woods	Vistfræðilegt mynstur fjölbreytni hjá bleikju	Líffræði	2.650	Háskóli Íslands og University of Washington	Skúli Skúlason	Sigurður S. Snorrason
Ragna Hlín Þorleifsdóttir	Áhrif kverkeiðlatöku á sóra (psoriasis)	Ónæmisfræði, húðsjúkdómafræði	2.650	Háskóli Íslands	Helgi Valdimarsson	
Rósa Guðrún Erlingsdóttir	Íslenska hrúnið: Fyrirgreiðslustjórnsmál og lýðræðisþróun	Stjórnsmálafræði	7.950	Háskóli Íslands	Svanur Kristjánsson	Valur Ingimundarson

Sigríður Haraldsdóttir	Heilsufar og aðgengi að heilbrigðisþjónustu á Íslandi eftir búsetu (FS-umsókn)	Lýðheilsuvísindi, heilsulandafræði	2.650	Háskóli Íslands	Sigurður Guðmundsson	Unnur Anna Valdimarsdóttir
Sigrún Laufey Sigurðardóttir	Eru afbrigðileg ónæmissvör í kverkeittum orsakabáttur sóra?	Ónæmisfræði	2.650	Háskóli Íslands	Helgi Valdimarsson	Andrew Johnston
Sigrún Mjöll Halldórsdóttir	Oxunarferlar við ensímatískt vatnsrof fiskpróteina	Matvælafræði	5.830	Háskóli Íslands	Hörður G. Kristinsson	Guðjón Þorkelsson
Sigurður Unnar Sigurðsson	Nærsviðsáhrif jarðskjálfta	Jarðskjálftafræði	7.950	Háskóli Íslands	Ragnar Sigurbjörnsson	Colin Taylor
Ubaldo Benitez Hernandez	Pan I genið: Starf þess og náttúrulegt val í íslenska þorskinum	Líffræði	6.890	Háskóli Íslands	Einar Árnason	Arnar Pálsson

Alls veitt til doktorsverkefna: 86.390 þús. kr.

Meistaraverkefni:

Styrkþegi	Verkefni	Fræðasvið	Upphæð (í þús. kr.)	Stofnun	Aðalleiðbeinandi	Meðleiðbeinandi
Auður Agla Óladóttir	Notkun hitainnrauðra loftmynda við mat á varmaflæði jarðhitasvæða	Jarðfræði, jarðhitarannsóknir	840	Háskóli Íslands og ÍSOR	Þráinn Friðriksson	Ingibjörg Jónsdóttir
Ásta Harðardóttir	Hindrun er áskorun - að ná tókum á lestri með aðferðum beinnar kennslu (Direct Instruction)	Sálfræði	840	Háskóli Íslands	Zuïlma Gabriela Sigurðardóttir	
Björg Guðjónsdóttir	Notkun úthljóðsstraumlindarmyndgerðar til að fylgjast með virkni og raförvun vöðva	Heilbrigðisverkefni	840	Háskólinn í Reykjavík	Þórður Helgason	Ragnar Ólafsson
Borgný Katrínardóttir	Samspil vist- og þróunarfræðilegra þátta við stofntakmörkun	Vistfræði	840	Háskóli Íslands	Tómas Grétar Gunnarsson	Páll Hersteinsson
Egill Guðmundsson	Mikilvægi hljóðmyndunar í hrygningarferli þorsks	Líffræði	840	Háskóli Íslands	Guðrún Marteinsdóttir	Tim Grabowski
Einar Búi Magnússon	0,7-frávik og tengd fyrirbrigði í miðsæjum rafeindaflutningi	Eðlisfræði	840	Háskóli Íslands	Ivan Shelykh	
Elín Ösp Gísladóttir	Viðhorf til brjóstgjafar	Mannfræði	840	Háskóli Íslands	Jónína Einarsdóttir	

Guðný Ella Thorlacius	Áhrif íslenskra plöntuefna á ónæmiskerfið og hvernig þau hafa áhrif	Ónæmisfræði	840	Háskóli Íslands	Ingibjörg Harðardóttir	Jóna Freysdóttir
Haukur Pálmason	Sjálfvirk flokkun íslenskrar tónlistar	Tölvunarfræði	840	Háskólinn í Reykjavík	Björn Þór Jónsson	
Hreinn Benónísson	Ónæmissvör aldraðra músa gegn fjölsykrubóluefnum	Ónæmisfræði	840	Háskóli Íslands	Ingileif Jónsdóttir	
Sigurður James Þorleifsson	LLT og æðasjúkdómar-langsum rannsókn	Læknisfræði	840	Háskóli Íslands	Gunnar Guðmundsson	

Alls veitt til meistaraverkefna: 9.240 þús. kr.

Heildarstyrkur úr Rannsóknarnámssjóði árið 2010: 95.630 þús. kr.